

*Dreifing*

Ólafur Ólafsson	ÓÓ	USK
Eiríkur Búi Halldórsson	EBH	USK
Ársæll Jóhannsson	ÁJ	USK

## Minnisblað

Dags: 2023.06.07

Tílefni: Gatnalýsing

### Vesturbær

Staðan á LED væðingu í Vesturbæ

Skjal nr. 001

Sendandi


gudjon@liska.is

## 1. Almennt


Fyrirspurn frá íbúaráði Vesturbæjar um stöðuna á LED væðingu gatna- og umhverfislýsingar í Vesturbæ.

## 2. Lampar í eigu Reykjavíkurborgar

Í Vesturbæ eru skráðir 1.903 lampar í eigu Reykjavíkurborgar og búið er að skipta 1.730 lömpum yfir í LED. Myndi 1 sýnir alla lampa í eigu Reykjavíkurborgar í Vesturbæ og mynd 2 sýnir alla lampa sem á eftir að skipta yfir í LED.




Mynd 1



Mynd 2

### 3. Lampar í eigu annarra

Í Vesturbæ eru skráðir 718 lampar í eigu annarra en Reykjavíkurborgar s.s. Faxaflóahafna, Vegagerðarinnar og Háskólans auk ýmissa fyrirtækja og húsfélaga, sjá mynd hér til hliðar. Reykjavíkurborg hefur ekki aðkomu að LED-væðingu þessara lampna en hefur umsjón með rekstri þeirra fyrir hönd eigenda.



### 4. Vesturbær sunnan Hringbrautar



Nýlokið er uppsetningu á 902 LED RGB lömpum í Vesturbæ sunnan Hringbrautar. Þessir lampar eru með þeim eiginleika að hægt er að skipta um lit á lampahúsi í gegnum smáforrit. Upsetningu stjórnbúnaðar er ekki lokið en stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu á næsta ári samhliða uppsetningu heimtaugarskápa.

### 5. Það sem er framundan

Markvisst er unnið að því að skipta út lömpum í svokölluðum safngötum þar sem staurar eru almennt á bilinu 7,5 - 12m og á þeirri uppsetningu að vera lokið fyrir næstu áramót. Það sem eftir stendur eru þá aðallega lampar norðan Hringbrautar á staurum með örmum í íbúagötum.

Stjórnbúnaður fyrir gatnalýsinguna er kominn vel til ára sinna og hefur borið á bilunum í Vesturbæ af þeim sökum. Til að koma nýjum stjórnbúnaði fyrir þarf að færa allan búnað út úr dreifistöðvum Veitna í heimtaugarskápa fyrir gatnalýsinguna. Vesturbærinn er í algjörum forgangi og stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu sumarið 2024.